

Fyrirspurn

til dómsmála- og mannréttindaráðherra um nauðungarsölur og uppboðsbeiðnir.

Frá Ólínu Þorvarðardóttur.

1. Hve margar nauðungarsölur og uppboðsbeiðnir á þessu ári hafa verið vegna:
 - a. atvinnuhúsnæðis,
 - b. nýbygginga í eigu verktaka og lögaðila,
 - c. heimila, þ.e. almenns íbúðarhúsnæðis,
 - d. annarra eigna, svo sem sumarhúsa, báta, bíla?
2. Hve margar uppboðsbeiðnir hafa verið afturkallaðar það sem af er árinu?
3. Hverjir voru helstu gerðarbeiðendur þeirra uppboða sem fram hafa farið í ár?
4. Hversu margar fasteignir voru boðnar upp árið 2002 og hve margar uppboðsbeiðnir voru afturkallaðar það ár?

Skriflegt svar óskast.